

IV. KAFLI
OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 300.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 300.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. KAFLI
VERÐGILDI

1. Verðgildi gjaldstigs í þessari gjaldskrá er kr. 3.40 frá og með 1. janúar 1974.
2. Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reiknað eftir hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi rafveitunnar, enda sé grundvöllurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Hlutdeild kostnaðarliða í verðgildinu 3.40 er þannig, reiknað í aukum og %.

	aurar	%
Raforkukaup (orkukostnaður + verðjöfnunargjald)	210.4	61.9
Laun	56.1	16.5
Rafveitukerfi (efni o. fl.)	34.1	10.0
Ýmiss kostnaður (opinber gjöld, skrifstofukostnaður o. fl.)	39.4	11.6

Visitata reksturskostnaður, samtals aurar og %

340 100

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef kostnaðarvisitatan hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira. — Skal þá að jafnaði miða við 1. janúar eða 1. júlí.

Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Iðnaðarráðuneytinu áður en þær taka gildi, og skulu þær auglýstar með nægum fyrirvara.

Verðgildi gjaldstigs reiknast í hálfum eða heilum tug ára.

Ef hækkun fer upp fyrir 20% frá síðustu staðfestri gjaldskrá, skal leita staðfestingar ráðherra á nýrri gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923. og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Borgarness nr. 175 18. maí 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 28. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum
saltfiski og söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið
frá 1. október til 31. desember 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögu stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftir-

farandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1973.

Óverkaður saltfiskur:

Stórfiskur nr. 1	kr. 111.00
Millifiskur nr. 1	— 107.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 103.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 89.00

Verð á öðrum gæðaflokkum er ákveðið í hlutföllum söluverða.

Verð þessi eru f.o.b. Verðbil verður 2.5% er miðist bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Söltuð ufsaflök:

15/20	kr. 108.00
21/25	— 104.00
26/30	— 100.00
31/35	— 96.00
36/40	— 92.00

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verður 3% og gildir bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. desember 1973.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- Um kWst.-mæli á kr. 15.25 á hverja kWst.
- Um kWst.-mæli á kr. 6.45 á hverja kWst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

- Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 5.10 á ferm. á mánuði.
- Fyrir geymslur, verðbúðir o. þ. h. kr. 2.60 á ferm. á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

- Um kWst.-mæli kr. 3.75 á hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 28.00 á mánuði af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi ganga eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. telst sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.